



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 15. nóvember 2007
Tilvísun: UST20071100089/ksj

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stíflidals II í Bláskógabyggð.

Vakin hefur verið athygli Umhverfisstofnunar á því að auglýst er deiliskipulag frístundabyggðar við Stíflisdalsvatn. Deiliskipulagssvæðið er alls 183 hektarar og á því er gert ráð fyrir 27 lóðum undir frístundahús og er stærð lóðanna frá frá 1,3 hektarar til 3,7 hektarar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Fyrrgreint deiliskipulag er á svæði á náttúruminjaskrá, en í skránni segir:

*“Laxárvogur og Laxá í Kjós,-Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu.
(1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesstef og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru viðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.”*

Einnig er svæðið inná verndarsvæði Þingvallavatns sbr. Reglugerð 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Markmið þeirrar reglugerðar er: *“að stuðla að verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns með markmið sjálfbærar prónunar að leiðarljósi, að tryggja að innan verndarsvæðisins verði yfirborðsvatni eða grunnvatni ekki spillt eða það mengað, svo sem vegna jarðrasks, byggingar mannvirkja, búsetu, borunar eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmda eða vegna flutninga og meðhöndlunar eiturefna og hættulegra efna, að tryggja að tegundum, búsvæðum, vistgerðum og líffræðilegri fjölbreytni Þingvallavatns verði ekki spillt og að lífríki þess fái eftir því sem kostur er að þróast eftir eigin lögmálum.”*

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með uppdrætti deiliskipulagstillögunnar að kröfur um fráveitu eru strangari inná verndarsvæði Þingvalla en ella sbr 15. grein ofangreindrar reglugerðar.

Lóðir á fyrirhuguðu deiliskipulagi liggja mislangt frá vatnsbakka Stíflisdalsvatns. 2 lóðir þar sem þegar hafa verið reistir bústaðir, skera sig úr þar sem lóðamörk þeirra eru


svo að segja við vatnsbakkann.

Í skipulagsreglugerð 400/1998 er fjallað um aðgengi almennings að ám og vötnum og í grein 4.15.2 "Vötn ár og sjór í skipulagsáætlunum" segir: "Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim."

Í lögum um náttúruvernd 44/1999 er kveðið skýrt á um girðingar í 23. grein, en þar segir: "Öheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri leið gangandi manna."

Við það er almennt miðað þegar vötn og tjarnir eru sett á Náttúrumínjaskrá að vernda beri vatnið sjálft og farveg þess ásamt 100 metra breiðu belti ofan eðlilegra flóðamarka eða gljúfrabruna. Þar af leiðandi skulu byggingar ekki staðsettar nær Stíflidalsvatni en 100 metrar, og lóðamörk ekki nær en 50 metrar.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur



Helgi Jansson

Forstöðumaður